

Akranesi, 18. apríl 2016

Bæjarráð Akraness

Efni: Beiðni um styrk til að gera heimasíðu FEBAN og tæknilegan stuðning.

Á aðalfundi FEBAN, félags eldri borgara á Akranesi og nágrenni, 11. mars sl. kom til tals að félagið kæmi sér upp heimasíðu og hvernig það yrði gert, fjárhagslega og tæknilega. Bæjarstjóri, Regína Ásvaldsdóttir tók málið upp í sínu ávarpi og bauð fram aðstoð bæjarins í þeim efnum. Fyrir það erum við þakklát.

Þann 13. apríl sl. áttum við, undirritaður og einnig varaformaður FEBAN, Júlíus Már Ingólfsson fund með bæjarstjóra og verkefnastjóra, Sædísí Alexíu Sigurmundsdóttir frá þjónustdeild bæjarskrifstofu um stuðning bæjaryfirvalda við gerð heimasíðu og tæknilega aðstoð fyrstu skrefin.

Það var niðurstaða þess fundar að fundað yrði með verkefnisstjóra og sérfræðingi í heimasíðugerð, Sigurjóni Jónssyni, en hann hefur unnið mörg verkefni á þessu sviði og meðal annars fyrir Akraneskaupstað. Sá fundur var haldinn í dag, mánudaginn 18. apríl.

Með bréfi þessu sækir FEBAN um fjárhagslega stuðning til að Sigurjón vinni fyrstu útgáfu að heimasíðu fyrir 150.000 kr. og til viðbótar 50.000 kr. sem kæmi hugsanlega til við frekari þróun verkefnisins á næstu 12 mánuðum. Einnig að verkefnisstjóri, Sædís Alexía verði okkur innan handar fyrsta rekstrarár heimasíðunnar.

Þá þarf að hýsa bæði lén og heimasíðu og er óskað eftir stuðningi bæjarins við það. Í dag er það 16.000 kr. á ári.

Við ræddum á fundinum um hvenær væri raunhæft að taka heimasíðuna í notkun. Það kom fram hjá Sædísí Alexíu og Sigurjóni, að möguleiki væri á því að allt gæti verið tilbúið í byrjun maí, en u.þ.b. tveim vikum eftir að verkefninu væri hleypt af stað.

Jafnframt óskum við eftir því að fulltrúar bæjarins verði viðstaddir, þegar síðan verður formlega tekin í notkun.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. FEBAN,

Jóhannes Finnur Halldórsson
formaður FEBAN